

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 19. maí 2020, klukkan 13:00 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir auk Ragnars J. Jónssonar endurskoðana frá Deloitte. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Ársreikningur Tjörneshrepps 2019.
Ragnar fer yfir ársreikninginn.
Rekstrarniðurstaða 18.888.661 krónur.
Eignir 112.819.043 krónur.
Skuldir 2.011.046
Ársreikningurinn undirritaður og samþykktur.
2. Varmadætur.
Oddviti gerir grein fyrir stöðu mála. Stefnt á íbúafund verðandi málið í júní 2020.
3. Fundargerð Skipulags- og bygginganefndar frá 4. maí.
Hreppsnefnd staðfestir fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 4. maí.
4. Laun húsvarðar í Sólvangi.
Sveinn vék af fundi við afgreiðslu málsins. Hreppsnefnd samþykkir að mánaðarlaun húsvarðar verði hækkuð í 45.000 krónur.
5. Ráðstöfun eigna Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.
Oddviti lagði málið fram til kynningar.
6. Aðalskipulag í Tjörneshreppi.
Oddvita falið að vinna málið áfram.
7. Lóðaleigusamningur við Tungulendingu ehf.
Hreppsnefnd ákveður að segja lóðarleigusamning við Tungulendingu ehf. upp vegna breyttra forsendna og felur oddvita að endursemla um lóðaleiguna.
8. Sorphirðuútboð í Tjörneshreppi.
Oddvita falið að semja við lægstbjóðanda.
9. Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið 14:20.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson
Smári Kárasón
Jón Gunnarsson